



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kvartanir vegna raka/myglu í íbúðum Félagsbústaða

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um kvartanir vegna raka/myglu í íbúðum Félagsbústaða:

Hvað hafa margar kvartanir borist Félagsbústöðum og/eða Reykjavíkurborg vegna raka og/eða myglu í íbúðum Félagsbústaða á síðustu fimm árum? Hvernig er skiptingin eftir árum og hverfum?

Svar:

Félagsbústaðir hafa undanfarið unnið markvisst að því að bæta verkferla vegna viðhalds í íbúðum þar sem grunur er um að þörf sé á miklu viðhaldi m.a. af völdum raka og myglu. Frá ársbyrjun 2021 hefur faglærður starfsmaður starfað nær einvörðungu við úttektir og skoðanir á íbúðum þar sem leigjendur telja að þörf sé á miklu viðhaldi vegna raka, myglu eða af öðrum ástæðum eins og vegna þarfar á gólfefnaskiptum, innréttingaskiptum o.fl.

Á árinu 2021 fór viðkomandi starfsmaður í u.þ.b. 260 úttektir. Um 6% skoðana, eða alls 15 tilfelli, voru þess eðlis að talið var best að leigjandi flytti út varanlega eða tímabundið á meðan viðgerðir færu fram vegna lekaskemmda eða myglu. Þessar íbúðir dreifðust jafnt milli hverfa borgarinnar. Í sumum tilvikum fluttu leigjendur út tímabundið en í öðrum var milliflutningur í annað húsnæði á hjá Félagsbústöðum. Sé mál metið þannig að flutningur sé nauðsynlegur er slíkt ætíð unnið í þétu samráði og samstarfi við leigjendur og með velsæld þeirra og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Þá komu á árinu 2021 fram ábendingar frá starfsfólki velferðarsviðs sem veitir þjónustu til leigjenda í 12 íbúða húsi um að mögulega kynni að vera mygla í húsnæðinu. Ákveðið var að rýma húsið og ráðast í umfangsmikið viðhald á íbúðunum, s.s tilfærslur á veggjum, breytingar á loftun, endurnýjun á baðherbergjum, gólfefnaskipti, málun ofl. Áætlað er að endurbótum ljúki í þessum mánuði.

Á árunum 2017-2020 liggur ekki fyrir nákvæm tölfræði um fjölda mála sem eingöngu snúa að raka og/eða myglu í íbúðum. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda slíkra tilfella það sem af er árinu 2022, en áætla má að fjöldinn sé sambærilegur miðað við árið 2021.

Mygla kemur til af ýmsum ástæðum, t.d. vegna leka meðfram gluggum, leka frá lögnum og skemmda í útveggjum en einnig vegna ónógrar loftunar og slæmrar umgengni. Slíkt er ekki bundið við ákveðin hverfi eða aldur íbúða heldur getur komið upp hvar sem er.